

Hafnarfjörður

b.t. Framkvæmdasviðs

Strandgötu 2

220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 27. nóvember 2017

Efni: Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Íshesta um beitarhólf í Kjóadal

Bréf þetta er sent vegna uppsagnar á samningi Hafnarfjarðarbæjar og Íshesta er varðar beitarhólf í Kjóadal.

Íshestar var stofnað árið 1982 og fagnar því 35 ára afmæli á árinu. Fyrstu árin snerist reksturinn um að bjóða ferðir um sveitir landsins en árið 2000 var hestamiðstöðin í Hafnarfirði byggð og byrjað að bjóða ferðamönnum sem og Íslendingum upp á dagsferðir þaðan. Aukning ferðamanna hefur verið stöðug hin síðustu ár og hafa Íshestar tekið þeim fagnandi. Hafa síðustu tvö árin komið til okkar um 23-25 þúsund manns í hestamiðstöðina í Hafnarfirði. Til þess að geta annað þeim fjölda hafa Íshestar aukið hestakost sinn síðastliðin ár og eignum við í dag um 170 hross.


Hjá Íshestum vinna um 30 manns á ársgrundvelli og búa flestir starfsmennirnir í Hafnarfirði. Yfir sumartímann er þörf á því að hafa nánast allan hestakost fyrirtækisins á svæðinu til að anna þeim fjölda ferðamanna sem hingað sækja. Þetta hefur einungis verið gerlegt með því aðgengi sem við höfum haft að í beitarhólinu í Kjóadal sem Íshestum var úthlutað samfara opnun hestamiðstöðvarinnar árið 2000. Beitarsvæðið er okkur afar mikilvægt út af landrýminu sem dalurinn býður upp á og beitarlandinu sjálfu, því samkvæmt 10. gr. laga nr. 910/2014 skulu hross hafa aðgang að beit í amk two mánuði á tímabilinu 1. júní til 1. Október ár hvert. Þetta er háannatími í ferðaþjónustu og er beitarsvæðið algjör forsenda fyrir því að Íshestar geti haldið úti svo umfangsmikilli starfsemi á þessum tíma. Á þeim tíma sem beitarlöggjöfin er í gildi tóku Íshestar á þessu ári við riflega 10.000 farþegum í hestaferðir frá hestamiðstöðinni. Þegar Íshestum var upprunalega úthlutað Kjóadals svæðinu átti eftir að plægja og sá í túnið og gera það þannig beitarhæft. Íshestar sáu alfarið um þær framkvæmdir og lögðu rúmlega 3 millj.kr. í verkið. Síðan þá hafa Íshestar séð um að halda við bæði girðingum og boríð á túnið.

Á fundi með með Ishmael David þann 22 nóvember sl. var okkur tilkynnt að fleiri hefðu falast eftir svæðinu. Varðandi það að deila beitinni í Kjóadal er það ekki ákjósanlegt vegna þess að Íshestar eru að fullnýta túnið undir reksturinn.

Fái Íshestar ekki aðgang að þessu beitarhólfni í framtíðinni er ljóst að það mun hafa mikið óhagræði í för með sér fyrir félagið og hamla frekari vexti þess. Fyrirhugað var að hefja reiðnámskeið fyrir Íslendinga, bæði börn og fullorðna – allt árið um kring og sinna þannig nýliðun í hestamennsku á svæðinu. Eins hafa Íshestar rekið reiðnámskeið fyrir börn á sumrin í samstarfi við Hestamannafélagið Sörla og lagt þar til m.a. hesta, reiðtygi og starfsfólk. Það hefur verið gerlegt vegna þess að við höfum haft nægt landsrými fyrir okkar hesta á svæðinu. Rekstrarskipulag fyrir komandi sumur stendur því og fellur með ákvörðun bæjaryfirvalda og því óskum við eftir afgreiðslu á þessu máli sem allra fyrst.

Það má áætla að stór hluti þeirra ferðamanna sem hingað koma sækji Hafnarfjarðarbæ einnig heim og sækji sér þar aðra þjónustu. Íshestar stuðla því að talsverðri aukningu ferðamanna í bæinn.

Virðingarfyllst,



Sólborg Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri Íshesta

S: 846-9108